

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 21. júní 2022
2201002KA

Efni: Nokkrar athugasemdir við frumvarp um landamæri **536.mál**

Vísað er til umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags. 16. júní sl. vegna frumvarps til laga um landamæri, 536. mál. Frumvarpið birtist áður í samráðsgátt stjórnvalda 22. desember 2021 þar sem félagið kom að nokkrum athugasemdum við efni þess.

Að þessu sinni vill félagið koma að nokkrum ábendingum sem varða form og efni.

Í frumvarpinu er í orðskýringu á *ferðaskilríki* í 2. tl. 3. gr. vísað til *viðauka við reglugerð um för yfir landamæri*. Félagið telur að fella eigi þennan málslið út enda óheppilegt að lög styðjist við ákvæði reglugerðar.

Í orðskýringu á *landamæragæsla* í 6. tl. 3. gr. virðist það vera skilgreiningaratriði að gæslan fari aðeins fram *utan ákveðins opnunartíma*. Af þessu má ráða að enginn landamæragæsla fari fram nema landamærastöð sé lokuð. Þetta telur félagið að sé órökrétt og takmarkandi og leggur til að orðin *utan ákveðins opnunartíma* séu felld úr.

Í 10. mgr. 10 gr. er kveðið á um að *ákvæði 13. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, um andmælarétt gildir ekki um ákvörðun um synjun, ógildingu eða afturköllun ferðaheimildar*. Af umfjölluninni í greinargerð má ráða að málsmeðferðarreglur ESB nr. 2018/1240 gildi um málsmeðferð vegna ógildingar og afturköllunar ferðaheimildar. Eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu má gagnálykta frá því þ.e. að stjórnslulögin eigi við að öðru leyti. Af umfjölluninni í greinargerð má samt ráða að stjórnslulögum sé ekki ætlað að gilda um málsmeðferðina heldur ESB gerðinni. Til að taka af tvímæli gæti verið heppilegra að kveða á um að stjórnslulög gildi ekki um málsmeðferðina.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia ohf.

Karl Alvarsson, yfirlögfræðingur



B.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 12. júlí 2022
Tilvísun: 2207006/0.7.6

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landamæri, 536. mál

Við er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til Landhelgisgæslu Íslands (tilv.: 536.mál), dags. 16. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um landamæri.

Landhelgisgæsla Íslands telur til bóta að sett séu heildstæð lög um landamæri sem eiga jafnt við um íslenska ríkisborgara sem útlendinga en reglur um för einstaklinga yfir landamæri er í dag að mestu að finna í lögum um útlendinga nr. 80/2016 og í reglugerð um för yfir landamæri nr. 866/2017 sem sett er með stoð í lögum um útlendinga. Stofnunin telur einnig jákvætt að með frumvarpinu er lagt til að sett verði skýrari lagastoð fyrir landamæraeftirliti sem getur skv. eðli sínu verið íþyngjandi fyrir almenning. Landhelgisgæsla Íslands telur einnig jákvætt að frumvarpinu er ætlað að tryggja lagastoð til innleiðingar á reglum um ný upplýsingakerfi, landamæraeftirlit og önnur málefni sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra sem Íslandi ber að innleiða sem þátttakandi m.a. í Schengen-samstarfinu.

Almennar athugasemdir við frumvarpið

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að í frumvarpinu koma ekki fram sérreglur um komu og brottfarir skipa líkt og kveðið er á um í III. kafla reglugerðar um för yfir landamæri nr. 866/2017. Telur stofnunin mikilvægt að slíkar sérreglur séu teknar sérstaklega upp í frumvarpið.

Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar að *með för skipa yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins er átt við alla umferð skipa til og frá landinu. Þetta gildir þó ekki um íslensk fiskiskip sem koma daglega eða innan 36 klst. til hafnar þar sem þau eru skráð og hafa hvorki hafi viðkomu í erlendri höfn né lagst að skipi á hafi úti og áhöfn eða farþegar ekki komið eða farið þar frá borði.*

Í 18. gr. reglugerðar um för yfir landamæri er enn fremur fjallað um sérreglur er varða komu og brottför skipa, þar kemur fram í 1. mgr. 18. gr. að *stjórnandi skips á leið til landsins yfir ytri landamæri skal tilkynna Landhelgisgæslunni um komu a.m.k. 24 klst. áður en siglt er inn í íslenska landhelgi. Samtímis skal tilkynna áætlaða brottför. Staðfestingu á brottför úr höfn skal tilkynna Landhelgisgæslunni a.m.k. 6 klst. fyrir brottför.*

Landhelgisgæsla Íslands áréttar að mikilvægt er að slíkar sérreglur komi fram í frumvarpinu. Að mati stofnunarinnar mætti í frumvarpinu rýmka undanþágu 1. mgr. 17. gr. reglugerðar um för yfir landamæri er varðar íslensk fiskiskip, enda eru 36 tímar afar knappur tími með tilliti til eðlilegra veiðiferða íslenskra togara og stærri fiskiskipa. Eðlilegt væri að taka út tilvísun í 36 stundir og vísa aðeins til íslenskra fiskiskipa sem stunda veiðar á fiskimiðum umhverfis Ísland.

Landhelgisgæsla Íslands leggur því til að eftirfarandi grein verði bætt við frumvarpið:

Tillaga að viðbótargrein:

Á eftir 16. gr. komi ný grein 16. gr. a., svohljóðandi:

„16. gr. a. Sérreglur um komu og brottför skipa.

Með för skipa yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins er átt við alla umferð skipa til og frá landinu. Þetta gildir þó ekki um íslensk fiskiskip sem koma til hafnar þar sem þau eru skráð og hafa hvorki haft viðkomu í erlendri höfn né lagst að skipi á hafi úti og áhöfn eða farþegar ekki komið eða farið þar frá borði.

Stjórnandi skips á leið til landsins yfir ytri landamæri skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands um komu a.m.k. 24 klst. áður en siglt er inn í íslenska landhelgi. Samtímis skal tilkynna áætlaða brottför. Staðfestingu á brottför úr höfn skal tilkynna Landhelgisgæslunni a.m.k. 6 klst. fyrir brottför. Nánar skal kveðið á um upplýsingar sem koma skulu fram í tilkynningum til Landhelgisgæslu Íslands í reglugerð.“

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Landhelgisgæsla Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar frumvarps til laga um landamæri:

Um 3. gr.

Í 3. gr. er að finna orðskýringar og í 6. tl. 3. gr. er orðið *landamæragæsla* skilgreint.

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að með frumvarpinu er lagt til að skýrt sé kveðið á um skyldu Landhelgisgæslu Íslands til að bera ábyrgð á og sinna landamæragæslu á hafinu sbr. 5. gr. frumvarpsins. Því telur stofnunin mikilvægt að skilgreining á orðinu *landamæragæsla* sé skýr.

Í 6. tl. 3. gr. er „*landamæragæsla*“ skilgreind sem „*gæsla á landamærunum á milli landamærastöðva og á landamærastöð utan ákveðins opnunartíma til varnar því að einstaklingur sniðgangi landamæraeftirlit*“.

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að orðunum „*utan ákveðins opnunartíma*“ er hægt að túlka skilgreininguna svo að gæsla á landamærunum eigi sér aðeins stað utan hefðbundins opnunartíma. Stofnunin gerir ráð fyrir að ætlunin hafi verið að segja „*óháð opnunartíma*“ og þar með koma því á framfæri að opnunartími eigi ekki við varðandi landamæragæslu. Stofnunin leggur til að orðalaginu sé breytt til að koma í veg fyrir misskilning.

Stofnunin bendir jafnframt á að skilgreining á *landamæragæslu* mætti vera skýrari hvað varðar landamæri á sjó, því leggur stofnunin til að orðunum „*á hafi*“ sé bætt við í skilgreininguna.

Tillaga að breytingu

Að orðunum „utan ákveðins“ sé skipt út fyrir „óháð“ og orðunum „á hafi“ bætt við skilgreininguna í 6. tl. 3. gr. sbr.

„Landamæragæsla: Gæsla á landamærum á milli landamærastöðva, á hafi og á landamærastöð utan ákveðins óháð opnunartíma til varnar því að einstaklingur sniðgangi landamæraeftirlit.“

Um 4 gr.

Í 2. mgr. 4. gr. er tekið sérstaklega fram að landamæraeftirlit fer fram á landamærastöðvum og í 8. tl. 3. gr. er *landamærastöð* skilgreind sem *staður sem hefur verið viðurkenndur af stjórnvöldum til farar yfir ytri landamæri*.

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að með þessu orðalagi er landamæraeftirlit einskorðað algerlega við viðurkenndar landamærastöðvar þrátt fyrir að koma til landsins geti átt sér stað annars staðar m.a. vegna ófyrirsjáanlegra neyðartilvika.

Stofnunin telur afar mikilvægt að landamæraeftirliti sé ekki skorinn svo þröngur stakkur að það geti ekki farið fram nema einungis á viðurkenndum landamærastöðvum.

Ísland hefur skilgreint alls 30 hafnir sem landamærastöðvar, sbr. viðauka I um landamærastöðvar Íslands við reglugerð um för yfir landamæri nr. 866/2017, það gæti þó komið fyrir að skip í neyð, vegna ófyrirséðra atvika, gæti þurft að leita til hafnar sem ekki er sérstaklega skilgreind sem landamærastöð í samráði og samvinnu við lögreglu.

Núgildandi reglur gera ráð fyrir undanþáguheimild frá þessari kröfu sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 866/2017.

Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 866/2017 er tekið fram að þegar farið er um ytri landamæri Schengensvæðisins skal koma til landsins og brottför vera frá viðurkenndum landamærastöðvum og á afgreiðslutíma sem um getur í viðauka I við reglugerðina. Því næst er í 2. mgr. 4. gr. kveðið á um undanþágu frá 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar vegna frístundabátasiglinga og strandveiða, vegna sjómanna sem fara frá borði til dvalar í þeirri höfn þar sem skip þeirra koma til hafnar eða í nágrannasveitarfélagi, vegna einstaklinga eða hópa manna þar sem sérstök ástæða krefst þess að því tilskildi að þeir séu handhafar tilskilinna leyfa samkvæmt íslenskum lögum og undanþágan stríði ekki gegn þjóðaröryggi eða allsherjarreglu og að lokum vegna einstaklinga eða hópa manna í tengslum við ófyrirsjáanleg neyðartilvik.

Telur stofnunin mikilvægt að það sé að minnsta kosti gert sé ráð fyrir ófyrirséðum neyðartilvikum líkt og gert er í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 866/2017

Landhelgisgæsla Íslands telur því mikilvægt að opna orðalag 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og leggur því til neðan greinda tillögu að orðalagsbreytingu.

Tillaga að breytingu

Að orðinu „almenn“ sé bætt við á milli orðanna „fer“ og „fram“ í 2. mgr. 4. gr., sbr.

„Landamæraeftirlit fer **almenn** fram á landamærastöðvum.“

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um sambæfingarhlutverk ríkislögreglustjóra hvað varðar málefni landamæra. Talað er um sambæfingarhlutverk ríkislögreglustjóra gagnvart viðeigandi stjórnvöldum og stofnunum í 1. mgr. 7. gr. Ljóst er að Landhelgisgæsla Íslands fellur þar undir. Í síðasta málslið 2. mgr. 7. gr. er svo tekið fram að með fengnu *samþykki ríkislögreglustjóra*, er heimilt að senda starfsfólk tímabundið til starfa erlendis á sviði landamæravörslu.

Óljóst er hvort samþykki ríkislögreglustjóra skv. síðasti málslið 2. mgr. 7. gr. tekur aðeins til lögreglustjóra/ starfsmanna lögregluembættanna eða einnig til annarra stofnana sem eiga í gagnkvæmu erlendu samstarfi varðandi verkefni sem tengjast landamærastjórn. Telur Landhelgisgæsla Íslands mikilvægt að þetta sé skýrt.

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að stofnunin tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (e. European Border and Coast Guard Agency) sem er jafnan kölluð Frontex (sbr. *frontières extérieures*). Eftirlitsflugvél stofnunarinnar TF-SIF tekur reglulega þátt í tímabundnum verkefnum erlendis á sviði landamæravörslu, þá hefur áhöfn flugvélarinnar verið skilgreind sem starfsmenn í flokki 3 í stöðuliði Frontex (e. category 3 operational staff of the European Border and Coast Guard standing corps). TF-SIF er sérhönnuð til löggæslu og eftirlits og hefur verið nýtt í landamæraeftirliti Frontex í 3-6 mánuði á ári. Í dag er það dómsmálaráðuneytið sem heimilur slíka þátttöku flugvélarinnar og áhafnar hennar sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands.

Auk þess vinnur stofnunin nú að því að heimila þátttöku starfsmanns Landhelgisgæslu Íslands í flokk 2 í stöðuliði Frontex (e. category 2 operational staff of the European Border and Coast Guard standing corps).

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að það gengi gegn þeirri framkvæmd sem viðhafst hefur hingað til ef stofnunin þarf einnig að óska sérstaklega eftir leyfi ríkislögreglustjóra fyrir samstarfi erlendis á sviði landamæravörslu.

Telur stofnunin mikilvægt að tekið sé sérstaklega fram að hér sé aðeins krafist samþykki ríkislögreglustjóra þegar stefnt er að því að senda starfsmenn *lögregluembættanna* til starfa erlendis á sviði landamæravörslu.

Tillaga að breytingu

Í síðasta málslið 2. mgr. 7. gr. verði orðunum „*sömu aðilum*“ skipt út fyrir „*lögreglustjórum*“, sbr.

„Í sama tilgangi er ~~sömu aðilum~~ lögreglustjórum, að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra, heimilt að senda starfsfólk tímabundið til starfa erlendis á sviði landamæravörslu.“

Um 9. gr.

Í 1. mgr. 9. gr. ségir að koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að mikilvægt er að hafa í huga og taka tillit til mögulegra undantekningartilvika. Í greininni er fjallað um för yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins sem er skilgreint í 18. tl. 3. gr. m.a. sem landamæri Schengen-rikjanna á sjó og höfnum.

Í nágildandi reglum skv. reglugerð um för yfir landamæri nr. 866/2017 er gert ráð fyrir undanþágum í ákveðnum tilvikum sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Landhelgisgæsla Íslands leggur til að gert sé ráð fyrir undanþágu þegar um neyðartilfalli er að ræða.

Tillaga að breytingu

Á eftir orðunum „með reglugerð“ í 1. mgr. 9. gr. bætist „heimila má undanþágu frá þeirri kröfu vegna einstaklinga eða hópa manna í tengslum við ófyrirsjáanleg neyðartilvik, sbr.

„Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem ráðherra ákveður með reglugerð. heimila má undanþágu frá þeirri kröfu vegna einstaklinga eða hópa manna í tengslum við ófyrirsjáanleg neyðartilvik.“

Um 11. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. eru upp taldir með tæmandi hætti, í starfliðum a.-d., þeir aðilar sem ríkislögreglustjóri skal tryggja að hafi viðeigandi aðgang að ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfinu. Landhelgisgæsla Íslands sem ber ábyrgð á og annast landamæragæslu á hafinu sbr. 5. gr. frumvarpsins, er þar ekki meðtalin.

Landhelgisgæsla Íslands telur ástæðu til þess að stofnuninni sé einnig tryggður aðgangur að upplýsingum úr kerfinu og að Landhelgisgæsla Íslands sé sérstaklega upp talin í ákvæðinu, þar sem stofnunin hefur það hlutverk að sinna landamæragæslu á hafinu til varnar því að einstaklingar sniðgangi landamæraeftirlit auk þess sem stofnunin sinnir öryggisgæslu og löggæslu á hafinu skv. 1. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 52/2006.

Tillaga að breytingu

Við 2. mgr. 11. gr. bætist e. liður svohljóðandi:

„e. Landhelgisgæsla Íslands“

Um 16. gr.

Í 16. gr er fjallað um komu- og brottfararkerfi sem starfsrækt skal á **ytri landamærum**. Ytri landamæri taka skv. 18. tl. 3. gr. m.a. til landamæra Schengen-rikkjana á sjó.

Landhelgisgæsla Íslands bendir á að á Íslandi eru landamæri á sjó og landamæri á lofti en augljóslega engin landamæri á landi sökum landfræðilegrar legu. Landamæri Íslands eru mörk þess landsvæðis og hafsins (12 sjómílna landhelgi) sem teist til íslenska ríkisins, hvort sem er á lofti eða sjó.

Stofnunin sinnir landamæragæslu á hafi en ekki landamæraeftirliti, ekki er gert ráð fyrir að Landhelgisgæsla Íslands sinni landamæraeftirliti heldur er það í höndum lögreglu. Því verður slíkt komukerfi aðeins starfsrækt í landi hjá lögreglu en ekki við landamæragæslu á hafi. Telur stofnunin að þetta þurfi að vera skýrt.

Að mati stofnunarinnar væri því eðlilegra að komu- og brottfararkerfi séu starfsrækt á sérstaklega tilgreindum landamærastöðvum.

Tillaga að breytingu

Í fyrsta málslið 1. mgr. 16. gr. verði orðunum „ytri landamærum“ skipt út fyrir „á landamærastöðvum“, sbr.

„Á ytri landamærum Á landamærastöðvum skal starfrækt komu- og brottfararkerfi...“

Um 17. gr.

Í 3. mgr. 17. gr. er fjallað um heimild lögreglu til að safna og skiptast á upplýsingum um farþega og áhöfn við tollyfirvöld og önnur stjórnvöld að því marki sem nauðsynlegt er til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Stofnunin telur mikilvægt að slík heimild nái einnig sérstaklega til Landhelgisgæslu Íslands sem ber ábyrgð á og annast landamæragæslu á hafinu sbr. 5. gr. frumvarpsins auk þess sem stofnunin sinnir öryggisgæslu og löggæslu á hafinu skv. 1. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 52/2006. Rétt sé því að nefna stofnunina sérstaklega í ákvæðinu.

Tillaga að breytingu

Í fyrsta málslið 3. mgr. 17 gr. bætist við „og Landhelgisgæslu Íslands“ á eftir orðinu „tollyfirvöld“, sbr.

„Lögreglu er heimilt að safna og skiptast á upplýsingum um farþega og áhöfn við tollyfirvöld og Landhelgisgæslu Íslands í þágu eftirlits og greiningarstarfs...“

Um 18. gr.

Í 1. mgr. 18. gr. kemur fram að ríkisborgari þriðja ríkis sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari má ekki fara frá borði fyrir en lögregla hefur ákveðið hvar komueftirlit skuli fara fram.

Að mati Landhelgisgæslu Íslands er eðlilegt að ríkisborgarar þriðju ríkja sæti ávallt komueftirlit komi þeir í land, án tillits til þess hvort þeir aðilar láti fyrst af störfum um borð í skipi eða loftfari.

Tillaga að breytingu

Í 1. mgr. 18. gr. verði orðin „sem lætur af starfi“ tekin út:


„Ríkisborgari þriðja ríkis sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari má ekki fara frá borði fyrir en lögregla hefur ákveðið hvar komueftirlit skuli fara fram.“

Með vísan til framangreinds telur Landhelgisgæsla Íslands að með frumvarpinu sé stigið skref í rétta átt og tekur stofnunin undir að það er til bóta að stefnt sé að setningu heildstæðra laga um landamæri.

Þó telur stofnunin mikilvægt að framangreindar breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en frumvarpið er samþykkt. Þá sérstaklega að teknar séu upp sérreglur í frumvarpið varðandi komu og brottfarir skipa sbr. tillögu að nýrri 16. gr. a., tekinn sé af allur vafi varðandi erlent samstarf sbr. tillögu að breytingu á 7. gr. og tryggt að stofnunin hafi aðgang að upplýsingum og upplýsingarkerfum til að geta sinnt landamæragæslu á hafi með viðunandi hætti sbr. tillögu að breytingu á 11. gr. og 17. gr.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigríður Skaftadóttir', written over a horizontal line.

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 22. júní 2022
Tilvísun: 2022060126

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn um 536. mál – frumvarp til laga um landamæri


Vísað er til umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um landamæri, 536. mál, sem barst embættinu þann 16. júní sl. Embætti ríkislögreglustjóra fagnar framlagningu frumvarpsins sem svarar aðkallandi þörf á skýrum reglum um landamæravörslu og ýmis verkefni þar að lútandi.

Embætti ríkislögreglustjóra vill árétta mikilvægi þess að framlagt frumvarp verði að lögum þar sem það myndar m.a. nauðsynlegan lagagrundvöll fyrir innleiðingu á nýjum upplýsingakerfum Schengen-samstarfsins sem Ísland er skuldbundið til að innleiða og rekstrarsamhæfingu þeirra.

Komu- og brottfarakerfið (e. Entry/Exit System (EES), sem m.a. er kveðið á um í 16. gr. frumvarpsins, er nú gert ráð fyrir að verði tekið í gagnið um miðjan maí 2023 og ETIAS-ferðaheimildakerfið, sem m.a. er kveðið á um í 11. gr., sex mánuðum síðar, eða um miðjan nóvember sama ár. Þá er gert ráð fyrir að samvirkni kerfanna verði komið á eins og áætlanir gerðu ráð fyrir í lok árs 2023. Sú töf sem orðið hefur á því að taka kerfin í notkun kemur til vegna fjölmargra þátta, bæði hjá einstökum aðildarríkjum og í miðlæga kerfinu, ásamt því að heimsfaraldur COVID-19 hafði óhjákvæmileg áhrif. Gangverkið á hinum nýju Schengen-upplýsingakerfunum er slíkt að ekki er hægt að ræsa kerfin fyrr en öll aðildarríki Schengen-samstarfsins eru tilbúin og því er mikilvægt að Ísland standi við sínar skuldbindingar.

Á næsta ári mun framkvæmd landamæraeftirlits því taka umfangsmiklum breytingum sem miða að því að auka jafnvægi milli öryggis og frelsis og er skipulag verkefnisins gríðarlaga viðamikl, kostnaðarsamt og því nauðsynlegt að lagagrundvöllurinn liggja skýr fyrir.

Í ljósi þessa ítrekar embætti ríkislögreglustjóra mikilvægi þess að frumvarpið sé samþykkt hið fyrsta, í allra síðasta lagi fyrir nk. áramót svo Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar.


f.h. embættis ríkislögreglustjóra,
Hægi Valberg Jensson,
yfirlögreglfræðingur.